

**Sp.**

## **143. Tillaga til þingsályktunar**

um takmörkun á sölu áfengis.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frv. um takmörkun á sölu áfengis, og sé byggt á eftirgreindum atriðum:

1. Að frá ársbyrjun 1949 geti íslenskir karlmenn, 21 árs að aldri eða meira, með nánar tilteknum skilyrðum, fengið leyfi til að kaupa  $\frac{3}{4}$  lítra af sterku áfengi á hverjum mánuði.
2. Að veitingahús, sem hafa vínveitingaleyfi, megi frá sama tíma selja  $1\frac{1}{3}$  lítra af léttum vínnum með venjulegri máltíð.
3. Að lögreglustjórar megi heimila, að veittur sé  $\frac{1}{2}$  lítri af léttum vínnum með venjulegum málsverði í opinberum veizlum og samkvæmum.
4. Að læknar geti ávísað sterku og léttu áfengi til heilsubótar sjúkum mönnum, en skylt skal heilbrigðisstjórninni að birta árlega opinbera skýrslu um áfengismagn það, sem hver einstakur læknir hefur notað til lækninga undanfarið ár.

### **Greinargerð.**

Áfengismálin eru nú mjög á dagskrá. Er það að vonum. Árið, sem leið, seldi ríkið áfengi fyrir 41 milljón króna. Neyzla áfengis í landinu er stórmikil og mjög vansæmandi fyrir landsmenn. Hinar fjölmennu áskoranir kvenna í öllum landshlutum, þar sem skorað er á Alþingi að heimila ekki tilbúning og sölu á sterku áfengi, sýna, hve mjög konur finna til skaðsemi og smánar, sem leiðir af misnotkun áfengra drykkja. Gætir í hugum margra manna ótta við, að drykkjuskapur sá, sem nú tíðkast, leiði til úrkynjunar þjóðstofnsins.

Núverandi ástand í áfengismálunum er með öllu óþolandi. Margir vilja lækna bölið með allsherjarbanni, en sú leið er ekki fær. Þegar reynt er með bannlögum að hindra drykkjuhneigða þjóð frá að neyta áfengis, brotna allar hömlur, og heimatilbúið eða smyglað vín flýtur yfir landið. Óheft sala áfengis og bann eru öfgaleiðir, eins og mannleg náttúra er í norrænu fólki. Færi vegurinn liggur milli öfganna. Sú leið er takmörkuð sala áfengis. Skal hér bent á úrræði, sem mundi stórlega draga úr áfengisnautn, en þó jafnframt hindra launsölu og brugg.

Hér er lagt til, að ekki megi selja konum sterkt áfengi og ekki karlmönnum yngri en 21 árs að aldri. Ætlazt er til, að hver fullorðinn maður geti fengið 3 pela af sterku áfengi á mánuði. Sjálfur verður hann að sækja drykkinn og kvitta fyrir í áfengisbók, sem verður að gerð hliðstæð vegabréfi. Unglingar á vaxtaraldri hafa vissulega ekki þörf fyrir sterka drykki. Er fátt óhugnanlegra tilsýndar en ölvaðir unglingar og kvenfólk. Það leiðir af eðli málsins, að menn, sem verða ölvaðir á almanna-færi, eiga að tapa rétti til að fá áfengisbók.

Vafalaust mætir sú tillaga að selja konum ekki sterka drykki nokkurri gagnrýni af hálfu þeirra kvenskörunga, sem telja sæmd kvenna liggja við, að konur fái að feta á allan hátt í fótspor karlanna. Hér kennir ónákvæmni í rökum. Karlar og konur geta ekki leyst af hendi sömu verk. Karlmenn ganga ekki með börn, leggja börn ekki á brjóst, sinna ekki börnum á vaxtaraldri með því líkri umhyggju sem konur. Frá upphafi Íslands byggðar og fram á síðustu ár hafa tiltölulega fáar konur

notað og enn síður misnotað áfenga drykki. Á síðustu mánuðum hafa fjölmennir kvennafundir krafizt, að allt áfengi yrði gert útlægt úr landinu. Sama skoðun hefur komið fram í hinni almennu mótstöðu kvenna gegn bjórbruggun. Má af öllu þessu draga þá ályktun, að dugandi konur muni ekki telja sér sæmdarauka að skaðlegu jafnrétti við úthlutun sterkra drykkja.

Ekki þykir fært að meina veitingahúsum, sem hafa vínveitingaleyfi, að selja takmarkað magn af léttu víni með máltíðum og í mannfagnaði. Hefur engri þjóð tekizt að komast hjá að hafa borðvín í veizlum, og í fjölmörgum löndum nota milljónir manna létt vin með mat, án þess að ölvun komi til greina. Óhugsandi er, að Ísland geti verið ferðamannaland, ef bannað er að hafa borðvín með máltíðum á vissum opinberum veitingastöðum, sem hafa ákveðnum skyldum að gegna. Það magn af hvítu og rauðu borðvíni, sem hæfilegt þykir vel síðuðum mönnum með máltíðum, er svo lítið, að ekki getur verið um ölvun að ræða. Hins vegar er áberandi hætta á ölvun í veizlulífi Íslendinga, eins og nú er komið málum. Alsíða er að bera gestum í byrjun mannfagnaðar nokkra áfenga drykki samblandaða. Með veizlukostinum fylgja létt vin, hvít og rauð, og oft að máltíðarlokum vænt glas af kampavíni. Þegar risið er frá borðum, er borið kaffi, og fylgir því að jafnaði eitt eða fleiri staup af koniaki. Að þessu búnu hefst sá þáttur veizlunnar, sem ölkærum mönnum þykir mest til koma. Hefst þá whiskydrykkja, og stendur hún, ef vel er veitt, fram undir morgun. Eru margir þá lítt færir til gangs og aðgerðarlitlir til vinnu þann dag. Þessir veizluhættir eru mjög til minnkunar þjóðinni og setja nútímamenn á Íslandi á lægri bekk meðal menntaþjóða en þeir eiga skilið, ef frá er tekin meðferð þeirra á víni. Hér er bent á nýja aðferð í veizlufagnaði sem mundi hreinsa af þjóðinni gamalt óorð. Með því að hlaupa yfir áfengisblönduna, koniakið með kaffinu og allt whiskyð í veizluklok væri engin hætta á, að veizlugestir kæmu heim ölvaðir, veikir og ófærir til vinnu. Fleira gott mundi hljóttast af þessari breytingu, þó að það verði ekki talið hér.

Læknar telja sér nauðsynlegt að ávísar sjúklingum ýmsar áfengistegundir til heilsubótar. Í tíð bannlaganna fengu læknar þessa undanþágu og fóru misjafnt með. Þegar ég hafði í landsstjórninni umsjón þessara mála, 1927—32, fékk ég sr. Björn Þorláksson á Dvergasteini til að gera yfirlit um ársnotkun hvers læknis á þessum vettvangi, og var sú skýrsla birt opinberlega. Hafði þessi framkvæmd þau áhrif, að enginn læknir notaði þá um stund vín til lækninga, nema þegar hann trúði á gildi þess til heilsubótar. Á þennan hátt má enn leysa þennan vanda, gefa læknum aðstöðu til að nota til heilsubótar það vin, sem þeir vilja bera ábyrgð á.

Hér skal drepið á nokkur atriði, sem sýna, hve óviðunandi er að hafa óhefta áfengissölu. Kveinstafir giftra kvenna og mæðra hvarvetna af landinu í sambandi við ölfrumvarpið sýna, hvað konur hér á landi verða að þola í sambandi við neyzlu þess áfengis, sem í útsölu kostar 41 milljón kr. árlega. Í veizlum, þar sem meiri háttar menn skemmta sér, geta hófsamir menn átt á hættu að koma heim bláir og blóðrisa í rifnum klæðum undan áleitnum veraldargæðingum, sem hafa fengið miklu meira af sterkum drykkjum en líkamsorka þeirra þoldi. Í Reykjavík einni er alsíða, að 70—80 dauðadrukknir menn eru teknir úr umferð á einni nóttu. Þar sem akvegakerfið er fullkomnast um byggðir landsins, er í mörgum sveitum ómögulegt að hafa skemmtisamkomur, af því að þangað safnast í tugatali ölvaðir menn, sem brjóta hús og misþyrma friðsömu heimafólki. Fyrir nokkrum árum var gleðisamkoma að sumri til á Þingvöllum. Þangað komu um 4000 manns. Eftir stutta stund var talið, að 2000 af gestunum hafi verið orðnir dauðadrukknir. Brutu hinir ölvuðu menn hús og húsmuni í Valhöll, svo að hörmulegt var á að líta. Daginn eftir sá einn af kunnustu læknum í Reykjavík, sem var staddur á Þingvöllum, ungan mann liggja ósjálfbjarga og bíta gras, sem hann náði til þrátt fyrir ástand sitt. Þannig mætti lengi telja, en þess gerist ekki þörf. Þing og þjóð veit, hve hörmulegt ástandið er.

Á hinn bóginn tel ég enga ástæðu til að örvænta. Drykkjuhneigð Íslendinga er sterk, en sómatilfinningin er líka vakandi, ef þeir, sem gegna ábyrgðarstöðum, vilja styðja hinn veika reyr. Ég hef verið í undirbúningsnefndum tveggja stærstu hátíða,

sem haldnar hafa verið hér á landi, Alþingishátíðarinnar 1930 og Snorrahátíðarinnar í Reykholti 1947. Á báðum þessum samkomum voru til samans um 50 þús. manna og enginn drykkjuskapur. Í bæði skiptin vildu þeir, sem stóðu fyrir hátíðarhöldunum, ekki hafa drykkjuskap, og í bæði skiptin sýndi þjóðin, að hún getur haft mikla gleðifundi án þess að misnota áfengi.

Tilgangurinn með þessari tillögu er að gefa þeim mörgu Íslendingum, sem stendur stuggur af áfengisbölinu, bendingu um þá einu leið, sem fær er, út úr verstu ógöngum vinnautnarinnar. Að svo stöddu er bann óframkvæmanlegt. Mjög mikill hluti þjóðarinnar leggur áherzlu á að hafa nokkurt vín. Þessi ásókn er svo sterk, að vitað er, að í Reykjavík einni eru margir bifreiðareigendur, sem fá 2000 kr. á viku og stundum meira fyrir að flytja á kvöldin vín, stórlega hækkað í verði, handa ölvuðum mönnum, sem sitja yfir tónum glösom, af því að birgðir, fengnar fyrr um daginn beint úr áfengisverzluninni, eru þá þrotnar. Með þessari takmörkuðu sölu, sem hér er mælt með, er vinnmönnum gerð nokkur úrlausn. Auk þess mundu þeir vafalaust fá einhverja viðbót af skammti náungans. En sú viðbót getur aldrei orðið nema smáræði, borið saman við hina ótakmörkuðu sölu, sem nú tíðkast. Ef konur fengju úthlutað forða af áfengi, mundu fæstar þeirra nota vínið sjálfar, heldur gefa það mönnum, sem sízt hafa þess þörf.

Hér er ekki gerð tilraun til að skilgreina vínin nákvæmlega, enda er þess ekki þörf að svo stöddu. En þegar í þessari tillögu er talað um sterk vín, er átt við brennivín, whisky og koniak, en með léttum vínunum er átt við hin lítið áfengu vín, sem suðrænar þjóðir nota við venjulegt borðhald. Hingað til hafa Íslendingar gert þess háttar vínunum lítil skil, líklega þótt þau of létt. Hér er gert ráð fyrir, að fólk eigi að geta fengið hóflegan skammt af slíkum vínunum í veizlum, sem lögreglustjórar leyfa, og á viðurkenndum gistihúsum, sem landsstjórnin telur, að hafi þörf slíkrar undanþágu og kunní með að fara.

Á undangengnum árum hafa templarar og ýmsir aðrir áhugamenn í félagsmálum talið ný bannlög eina úrræðið, þó að þeir vissu vel, að þeir höfðu enga von um að komast þá leið. Gerum ráð fyrir, að einstaka hugsjónamenn telji bann lokatakmarkið. En á meðan sú leið er algerlega lokuð og áfengið heldur áfram sigurför um landið, þá er skylda allra, sem sjá hina miklu þörf, að reyna hjálp í viðlögum. Hér er bent á slíka leið. Vel má vera, að það taki nokkur ár að sannfæra andstæðinga ofdrykkjunnar um, að þeir verða annaðhvort að sameinast um takmörkun á vinnautn eða sjá hlut sinn versna með hverju ári, sem líður. Þegar templarar, bindindismenn, hófsmenn, áhugasamar konur, íþróttamenn og skynsamir borgarar sameinast um þá leið, sem hér er bent á, mun mega kreppa svo að áfenginu í landinu, að það geri mjög takmarkað tjón, saman borið við það ástand, sem nú ríkir í þessum efnunum.